

Skólaráðsfundur haldinn þann 1. des. kl. 14.30-15.50.

Fundarmenn: Helgi A. skólastjóri, Hreindís Elva stuðningsfulltrúi, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sigurborg kennari, Sveindís Jóhannsdóttir formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari. Alda María nemandi á afmæli þennan dag og kemst ekki, Hrönn Hjálmarsdóttir fulltrúi foreldra er með veikt barn og Magnea nemandi er veik.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

Rætt var um fjármál og úthlutun verkefna til elstu árganga skólans. Sveindís kynnti fyrir okkur stefnumótunarvinnu um það **hvernig verður staðið að fjáröflun innan ýmissa samkoma í skólanum** og hver fær ágóðann. Þetta kemst brátt á blað til þess að allir geti gert sér grein fyrir þessu.

Helgi hefur fengið jákvæðar undirtektir frá Haukunum um að þeir útvegi grenndarfulltrúa.

Helgi kynnti starfsáætlun Hvaleyrarskóla fyrir skólaárið 2014-2015, en vinna á nýja **starfsáætlun fyrir næsta haust**. Þessi er byggð á gömlum grunni. Þessi vegvísir er 26 síður en gamli vegvísirinn var um 70 síður. Starfsáætlun næsta árs verður mun ítarlegri að sögn Helga. Vigfús gerði grunn að jafnréttisáætlun fyrir alla skólana en það á eftir að kynna hana í skólanum. Það átti að ræða fjárhagsáætlun í dag samkvæmt verkefnalistanum, en umræða um hana bíður til næsta fundar. Sú breyting hefur orðið á að nú fá allir skólar ákveðna grunnupphæð fyrir hvern fjárhagslið og síðan viðbót miðað við stærð skóla. Ekki verður hægt að færa á milli lykla eins og hefur mátt undanfarin ár. Gæta þarf mikils aðhalds í nýrri fjárhagsáætlun.

Það er alltaf gerð **SVÓT greining** á vorin á meðal kennara og starfsfólks. Ganga þarf frá henni í júní. Skólastjóri ræddi nýlega frétt þess efnis að kennarar og nemendur í einum skóla bæjarins fengju spjaldtölvur fyrir næsta skólaár. Ákveðið að gera fyrirspurn um það hvenær áætlað er að aðrir skólar fylgi í kjölfarið. Skólastjóri kynnti að fram færi rekstrarúttekt í öllum stofnunum bæjarins.

Rætt var um forfallakennslu en sá liður hefur farið fram úr áætlunum hjá okkur og er dýrari en í öðrum skólum bæjarins. Umræður voru um mögulegar skýringar á þessu. Líklega er forföllum mjög vel sinnt í okkar skóla.

Hugað var að því hvað foreldrafélagið vildi ef til vill gefa okkur í **afmælisgjöf**. Hvert heimili borgar 2000 kr. til foreldrafélagsins. Einhverjir vilja mögulega gefa meira. Athuga að sameina þemanefnd og afmælisnefnd. Hafa þarf fulltrúa foreldra í þeirri nefnd. Sveindís mun kanna það. Aðal afmælishátíðin fer fram á vorhátíð skólans. Við minnumst þess að þegar skólinn var 20 ára að þá var fenginn „veltibíll“ hingað og fengu börnin að njóta þess að veltast um í honum.

Meðlimir heilsuteymisins hafa tekið út og tekið myndir af öllum tækjum á skólalóðum Hf. Við erum með áberandi minnst af leiktækjum hér og það er um mikla mismunun að ræða. Til stendur að óska eftir fundi með fræðsluyfirvöldum og ræða þessi mál.

Rætt var um **skólapeysurnar**. Alda var eitthvað í burtu og Magnea átti erfitt með fylgja þessu ein eftir.

Sveindís spurði um hvort einhver hefði sótt ráðstefnuna um bráðger börn. Marsibil og Úlfhildur kváðu já við því. Það skiptir afar miklu máli að koma til móts við þessu börn, eitt sinn gerðum við það með markvissari hætti, og við þurfum að vera vakandi á komandi ári að koma þessu inn í skólastarfið hjá okkur.

Það getur verið **fjáröflun** hér um næstu helgi þegar jólaföndrið verður. Ræða þarf við Kristján umsjónarkennara í 10. bekk um það og mun Helgi gera það.

Sveindís tók eftir því að einn bekkurinn hefði ekki haldið neina hvalaveislu. Láðst hefur að skrifa hvenær hvalaveislurnar voru. Hún hafði áhyggjur af 9. SB því lítið er um að nemendur þar fái hvalamiða. Passa þarf vel upp á að þau finni til sín.

Þegar skólinn varð 20 ára fengum við peningagjöf og þá var keypt myndavél. Í tilefni af afmæli skólans þá hefur Sveindís skoðað leiktæki hjá Krumma. Eitt-hvert smáræði kostar þar a.m.k. 100 þúsund krónur. Helgi sagði að heilsuteymið hefði fengið 250 þúsund í styrki sem má nota. Leita má til fyrirtækja á borð við VHE en þau hafa gefið okkur fínt borð með áföstum stólum.

Marsibil sagði frá því að í **Sæmundarskóla** væri verið að safna hljóðfærum og einnig bókum fyrir nemendur og leist Sveindísi vel á þá hugmynd.

Næsti fundur verður á nýju ári eða mánudaginn 12. janúar 2015 kl. 14.30-15.30.